

39. fundur umhverfis-og náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps

Fimmtudaginn 18. ágúst 2022, kom umhverfis-og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps saman til fundar.

Var fundurinn haldinn að Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri.

Fundurinn hófst klukkan 15:00.

Mætt voru: Auður Guðbjörnsdóttir, Björn Helgi Snorrason, Arna Guðbjörg Matthíasdóttir, Björn Hafsteinsson og Jón Atli Jónsson sem mætti í stað Rannveigar Ólafsdóttur, sem boðaði forföll.

Embættismenn fundarins voru: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri, Karl Antonsson, fjármála- og skrifstofustjóri og Ólafur Júliusson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Arna Guðbjörg Matthíasdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

- Auður Guðbjörnsdóttir, formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá.*

2. Staða tilraunaverkefnis:

- Skipulags- og byggingarfulltrúi, gerði grein fyrir stöðu verkefnisins Skaftárhreppur og snjallar úrgangslausrnir-borgum fyrir það sem við hendum.*
 - Talsverðar umræður urðu um verkefnið og þá óánægju sem það hefur valdið hjá íbúum sveitarfélagsins.*
 - Umhverfis- og náttúruverndarnefnd samþykkir samhljóða að könnun verði gerð hjá þjónustuþegum sorphirðu sem allra fyrst.

3. Yfirlit yfir kostnað á sorphirðu árin 2019 til 2022:

- Fjármála- og skrifstofustjóri, lagði fram yfirlit yfir kostnað vegna sorphirðu árin 2019, 2020, 2021 og fyrstu 7 mánuð ársins 2022.*
 - Það liggur fyrir að áætlun ársins 2022 vegna sorphirðu muni fara yfir þær heimildir sem fyrir liggja og hvetur umhverfis- og náttúruverndarnefnd til þess að menn fari varlega í auknar fjárfestinga og kostnað í þessum málaflokkni.*
 - Umhverfis- og náttúruverndarnefnd samþykkir samhljóða að áfram verði veitt þjónusta á vegum sveitarfélagsins fyrir fyrirtæki, þar til annað verður ákveðið.*

BHS

JAD AL

AGM

BH

4. Hver er lagaleg skylda sveitarfélagsins gagnvart þjónustuþegum:

- a. Sveitarstjóri, lagði fram minnisblað um útskýringar á orðum sem snerta og þær kröfur sem settar eru á sveitarfélög vegna sorphirðu.

5. Næstu skref:

- a. Umhverfis-og náttúruverndarnefnd leggur til að gerð verði skýrsla um reynslu af tilraunaverkefninu *Skaftárhreppur og snjallar úrgangslausrnir-borgum* fyrir það sem við hendum, sem allra fyrst, þar sem verkefninu á að ljúka fyrir 1. Október næstkomandi. Þegar skýrsla liggur fyrir þarf að taka ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag.

6. Önnur mál:

- a. Engin önnur málefni

Fleira ekki gert,
Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18:00

Auður Guðbjörnsdóttir.
Auður Guðbjörnsdóttir

Björn Helgi Snorrason
Björn Helgi Snorrason

Arna Guðbjörg Matthíasdóttir.
Arna Guðbjörg Matthíasdóttir

Björn Hafsteinsson
Björn Hafsteinsson

Jón Atli Jónsson
Jón Atli Jónsson